

BORGARRÁÐ 23. janúar 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflakks Íslands um hlutfall veikinda starfsmanna Reykjavíkurborgar eftir launatekjum - R20010312

Það er vitað mál að lág laun geta leitt til mikils álags og fjárhagslegra áhyggna og slíkt hefur ekki jákvæð áhrif á heilsu og Reykjavíkurborg hefur lengi vel verið láglaunavinnustaður. Er hlutfall veikinda hærra hjá þeim sem eru á lægri launum innan Reykjavíkurborgar? Hvað með langtímaveikindi? Hvernig skiptast veikindi og langtímaveikindi eftir launabilum síðustu þriggja ára, eins og t.d. eftir: 0-400 þús í mánaðartekjur, 400-550 þúsund í mánaðartekjur og 550 þúsund í mánaðartekjur og uppúr? Hvernig skiptist slíkt eftir sviðum?